

Þriðjudaginn 17. desember 1991.

Nr. 32/1991. **Þorbjörg Jóhannsdóttir og
Guðrún María Berg**
gegn
Trésmiðjunni Borg hf.

Skuldabréf. Fyrning. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1991. Áfrýjendur gera þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þær verði sýknaðar af öllum kröfum stefnda. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Kröfu sína um, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, reisa áfrýjendur á því, að málið hafi verið stórlega vanreifað. Í stefnu hafi ekki verið gerð krafa um ákveðna vexti, heldur einungis um hæstu lögleyfðu dráttarvexti, og lýsingu skuldabréfs hafi verið áfátt. Telja þær, að þessi háttur sé brot á 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988, auk þess sem slík kröfugerð eigi að leiða til frávísunar ex officio.

Af hálfu áfrýjenda var frávísunarkrafa gerð í héraði. Var henni hafnað með úrskurði 12. júní 1990, en vaxtakröfu stefnda fyrir tímabilið 1. júlí 1984 til 22. nóvember 1989 var vísað frá dómi ex officio. Þess er eigi getið í áfrýjunarstefnu, að úrskurði þessum sé áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 17. og 34. gr. laga nr. 75/1973. Verður framangreindri frávísunarkröfu því eigi sinnt. Ekki eru efni til að vísa máli þessu frá dómi ex officio, eins og það liggur fyrir Hæstarétti.

Máli þessu er ekki áfrýjað af hálfu aðalskuldara.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, tókust áfrýjendur á hendur sjálfsskuldarábyrgð á skuldabréfi, út gefnu af Daníelínu Jónu Bjarnadóttur 15. maí 1984 til handhafa. Stefndi byggir kröfu

sína á þessu bréfi. Skuldabréfið var að fjárhæð 250.000 krónur og skyldi endurgreiddast með 100 afborgunum á hálfmánaðar fresti, í fyrsta sinn 15. júní 1984. Fyrsta greiðsla samkvæmt bréfinu barst 21. s.m., og stóð skuld samkvæmt bréfinu í 249.189,40 krónum eftir þá greiðslu. Síðan hefur ekkert verið greitt af bréfinu. Stefndi sendi áfrýjendum fyrsta innheimtubréf 25. júlí 1986, þar sem hann tilkynnti þeim, að skuld samkvæmt bréfinu væri fallin í gjalddaga. Stefna til héraðsdóms var birt 22. og 23. nóvember 1989 gagnvart áfrýjendum.

Áfrýjendur hafa ekki mótmælt höfuðstól kröfu stefnda.

Fyrningarfrestur á kröfu stefnda á hendur áfrýjendum er 4 ár samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vanefnd aðalskuldara skapaði stefnda rétt til að ganga að áfrýjendum, áður en allir gjalddagar skuldabréfsins væru liðnir. Fyrningarfrestur þeirrar kröfu telst ekki fyrr en frá þeim tíma, er hann tilkynnti, að hann hygðist notfæra sér þann rétt, sbr. 2. mgr. 5. gr. fyrningarlaga. Krafa stefnda á hendur áfrýjendum var því ekki fyrnd, er hann stefndi henni til héraðsdóms. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en upphafstíma vaxta samkvæmt dóminum er ekki sérstaklega mótmælt.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Húsavíkur 26. nóvember 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið 8. nóvember sl., er höfðað með áskorunarstefnu, birtri 22. og 27. nóvember 1989. Stefndi er Borg hf., kt. 470169-4789, Ketilsbraut 7, Húsavík. Stefndu eru Daníelína Jóna Bjarnadóttir, kt. 220753-3019, Norðurbyggð 18 A, Þorlákshöfn, Þorbjörg Jóhannsdóttir, kt. 141055-2089, Hrístateigi 1, Reykjahreppi, og Guðrún María Berg, kt. 121255-7589, Vegghömrum 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdar til að greiða stefnanda skuld, að upphæð 249.189,40 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum af stefnufjárhæð frá 1/7 1984. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1/7 1985. Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar in solidum að mati réttar-

ins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Stefndu Þorbjörg og Guðrún María hafa látið sækja þing og skilað greinargerðum, og var hinn 17. janúar 1990 málinu vikið til venjulegrar meðferðar. Þessar stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Af hálfu stefndu Daníelínu Jónu Bjarnadóttur hefur ekki verið sótt þing.

Með dómi, upp kveðnum 12. júní 1990, var vaxtakröfu stefnanda fyrir tímabilið 1/7 1984 til 22/11 1989 vísað frá dómi.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 15. maí 1984 af Daníelínu Jónu Bjarnadóttur til handhafa. Fjárhæð bréfsins er 250.000 kr. og skyldi greiðast með 100 afborgunum á hálfmánaðar fresti, í fyrsta sinn 15. júní 1984. Bréfið er bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 879, vextir 5% ársvextir. Stóð bréfið í 249.189,40 kr. hinn 15/6 samkvæmt áritun á það.

Þær Þorbjörg Jóhannsdóttir og Guðrún María Berg hafa tekist á hendur sjálfsskuldarábyrgð á skuld þessari með áritun á bréfið. Sýknukrafa stefndu Þorbjargar og Guðrúnar Maríu er á því reist, að krafan á hendur þeim sé fyrnd, sbr. 4. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 2. mgr. 5. gr. s. l., þar sem umstefnd ábyrgðarskuldbinding hafi verið gjaldfellt í júnímánuði 1984.

Stefnandi mótmælir því, að skuldabréfið hafi verið gjaldfellt í júní 1984, og segir, að fyrningarfrestur hafi verið rofinn með sendingu innheimtubrifa í ábyrgðarpósti til stefndu, síðast 31. mars 1989.

Álit dómsins.

Stefnandi hefur lagt fram skuldabréf það, sem hann reisir kröfur sínar á.

Telja verður, þar sem skuldabréfið er handhafabréf, að vitja eigi greiðslu afborgana og vaxta til skuldunauta. Ekki liggur fyrir í málinu, að stefnandi hafi gjaldfellt bréfið, fyrr en hann ritaði stefndu kröfubréf 25. júlí 1986, sbr. dskj. nr. 6 og 7, sem hafði að geyma greiðsluáskorun og gjaldfellingu. Samkvæmt þessu telst krafa þessi á hendur stefndu Þorbjörgu og Guðrúnu Maríu ekki hafa verið fyrnd, er mál þetta var höfðað.

Eins og áður er getið, hefur ekki verið sótt þing af hálfu stefndu Daníelínu Jónu Bjarnadóttur, og verður því mál þetta dæmt gagnvart henni samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við 118. gr. laga nr. 85/1936, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans á hendur þessari stefndu teknar til greina með tilliti til breytingar vaxtakröfu samkvæmt áðurgreindum frávísunardómi.

Verður því niðurstaða málsins sú að dæma stefndu til að greiða stefnanda

249.189,40 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 22. nóvember 1989 til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 20.000 kr.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Daníelína Jóna Bjarnadóttir, Þorbjörg Jóhannsdóttir og Guðrún María Berg, greiði in solidum stefnanda, Borg hf., 249.189,40 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 22. nóvember 1989 til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 22. nóvember 1990. Stefndu greiði stefnanda 20.000 kr. í málskostnað. Vextir af málskostnaði reiknast frá 15. degi frá uppsögu dóms þessa samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
